



GREINARGERÐ MEÐ ÚTGÁFU STARFSLEYFIS FYRIR KVÍAELDISSTÖÐ ÞÓRODDS EHF.


Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi opinberlega á tímabilinu 14. desember 2010 til 8. febrúar 2011 og lá hún frammi á skrifstofu Vesturbyggðar á sama tíma. Tillagan var, auk opinberrar auglýsingar, sérstaklega send til umsagnar hjá Þóroddi ehf., Vesturbyggð, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarðasvæðis, Tálknafjarðahreppi, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnuninni, Landhelgisgæslu Íslands, Siglingastofnun Íslands, Skipulagsstofnun og Hannesi Bjarnasyni á Sveinseyri við Tálknafjörð.

Almennur kynningarfundur um starfsleyfistillöguna og tilgang starfsleyfa Umhverfisstofnunar var haldinn þann 31. janúar í Sjóráningjahúsinu á Patreksfirði.

Athugasemdir um tillöguna bárust frá fjórum aðilum.

- Tálknafjarðahreppur ákvað samhljóða á fundi hreppsnefndar 17. janúar að senda ekki inn umsögn um tillöguna.
- Skipulagsstofnun bendir á það í umsögn sinni að í tillögu að starfsleyfinu er ekki tekið ítarlega á því hvernig nánari starfsreglur eigi að vera varðandi ráðstafanir sem koma eigi í veg fyrir að fiskur sleppi úr kvíunum. Stofnunin bendir á að ekki er tilgreint hve oft reglulegar athuganir skuli fara fram eða t.d. kveðið á um að þær séu gerðar í kjölfar atvika sem kynnu að hafa áhrif á kvíarnar svo sem óveður og umferð skipa sem vinna að því að setja fisk í kvíarnar eða lesta úr þeim. Þá er bent á að í köflum 4.4 og 4.6 er ekki fjallað um viðbrögð við því ef að kví bilar og fiskur sleppur út.
 - Umhverfisstofnun bendir á að fiskeldi lýtur annars vegar starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og hins vegar rekstrarleyfi skv. lögum nr. 71/2008, um fiskeldi. Atriði er varða sleppingar og sjúkdómavarnir heyra undir ákvæði rekstrarleyfis og eru undir umsjón Fiskistofu sem starfar undir yfirumsjón sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Hvorki í lögum nr. 7/1998 (og reglugerð um starfsleyfi) né í lögum nr. 71/2008 er Umhverfisstofnun falið að framfylgja ákvæðum sem heyra undir rekstrarleyfi Fiskistofu og stofnunin myndi því fara út fyrir verksvið sitt ef gerðar væru kröfur um ráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi úr kvíum. Má hér m.a. vísa til úrskurða umhverfisráðherra í málum 01070087 og 02110059. Ákvæði um styrkar festingar í starfsleyfi eru miðaðar við að draga úr hættu á að tætlur úr kvíum og festingum berist í burtu.
 - Umhverfisstofnun hefur þrátt fyrir ofangreint ákveðið að breyta ákvæðum í grein 2.4 þar sem þó er gengið út frá sjónarmiðum um mengun, enda eru fordæmi frá eldri starfsleyfum stofnunarinnar.
- Eigendur jarðarinnar Sveinseyrar í Tálknafirði gera athugasemdir um staðsetningu svæðis tA í auglýstri tillögu að starfsleyfi og minna á að ekki megi raska siglingaleiðum vegna eldissvæða. Telja eigendurnir að staðsetning svæðisins geti truflað lestun stórskipa vegna skerðingar á athafnasvæði. Þeir benda á að staðsetning eldiskvíá sé nærri landareigninni sem nær frá og með Sveinseyrarodda og út með Sveinseyrarhlíð. Eigendurnir hafi unnið að útflutningi á vatni í stórum tankskipum. Undirbúningur að þessu verkefni hafi staðið lengi og landeigendur meðal annars verið í sambandi við þá opinberu aðila sem um slík mál fjalla og væntanlega viðskiptavinum. Eigendurnir benda á að tankskipin sem fyrirhugað er að flytji vatnið á erlenda markaði muni vera mjög stór og kemur fram að þau geti verið allt að 50-100 þúsund tonn. Telja þeir að útbúa þurfi sérstakt leguból vegna þessa út af Sveinseyrarhlíðinni. Fara þeir fram á að eldiskvíarnar séu þannig staðsettar að athafnasvæði sé nægilega rúmt.
 - Umhverfisstofnun kannaði lauslega sjónarmið Siglingastofnunar Íslands vegna þessa máls. Stofnunin svaraði því til að svæðin virtust ekki skarast en ekki væri hægt að taka afstöðu til spurningarinnar nema fyrir liggi hnit á vatnslögn og legusvæði / áhrifasvæði vatnsflutningaskips.

- Þá kom Siglingastofnun Íslands einnig með ábendingu um að leguból fyrir skip væri hugsanlega háð mati á umhverfisáhrifum, sbr. lög nr. 106/2000.
- Umhverfisstofnun bendir á að utan netlaga er ekki um að ræða skilgreint skipulagsvald og að slíkt vald er ekki fyrir hendi hjá stofnuninni. Umhverfisstofnun úthlutar ekki svæðum með útgáfu starfsleyfis en þess er þó gætt eins og kostur er að svæðin fari ekki í bága við viðtekna nýtingu, t.d. siglingaleiðir.
- Niðurstaða Umhverfisstofnunar er að henni sé ekki stætt á því fyrir sitt leyti að hafna hnitsetningu svæðisins eins hún var lögð fram í umsókninni.
- Þá kom fram í ofangreindri athugasemd að staðsetning svæðisins geti mögulega truflað siglingar.
 - Ekki var tekið undir þetta sjónarmið í tölvupósti frá Siglingastofnun Íslands og fellst Umhverfisstofnun því ekki á þá athugasemd.
- Önnur athugasemd eigenda Sveinseyrar varðar einnig staðsetningu svæðis tA. Eigendurnir lýsa áhyggjum yfir því að æðarvarp sem á löngum tíma hefur verið byggt upp á Sveinseyrarodda og telur um 3000 hreiður, kunni að verða fyrir áhrifum af fiskeldinu. Þar líta þeir til þess möguleika að fóðurleifar og úrgangur geti borist inn á oddann og í sandinn og fjöruna. Stórtækt fiskeldi í kvíum á firðinum geti þannig haft áhrif á lífríki fjarðarins og þar með á æti æðarfuglsins enda haldi fuglinn sig með ströndinni á vorin.
 - Ákvæði reglugerðar nr. 252/1996, um friðun tiltekinna villtra fuglategunda, friðlýsingu æðarvarps, fuglamerkingar, hamskurð o.fl. gilda um þetta svið. Ekki er þó að finna í reglugerðinni beinar leiðbeiningar um hvernig taka skuli á málum varðandi nábyli æðarvarps og fiskeldis. Í 3. grein reglugerðarinnar kemur hins vegar fram að ekki má án leyfis varpseiganda leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 metra frá stórstraumsfjöru.
 - Umhverfisstofnun telur að ofangreind regla um 250 m fjarlægð sé yfirfæranleg á fiskeldiskvíar enda er hún eina vísbendingin sem sjá má um þetta efni. Við athugun kemur þá í ljós að ekki er hætt á að á þessa grein reyni, eins og sjá má á myndinni hér að neðan, þar sem dregin er 250 m lína frá þeim punkti svæðis tA sem er næst landi. Fiskeldið er því vel fyrir utan verndarsvæði æðarvarpsins:



- Umhverfisstofnun telur að fódurleifar og úrgangur frá fiskeldinu muni að mestu berast eftir ríkjandi straumi í firðinum sem liggur á þessum stað í vestur. Því er að mati stofnunarinnar ekki talin umtalsverð áhætta varðandi æðarvarpið með því að heimila fiskeldi á svæði tA.
- Að mati Umhverfisstofnunar er þó ekki með öllu hægt að útiloka að þessar áhyggjur séu á rökum reistar. Þess vegna hefur Umhverfisstofnun ákveðið til frekara öryggis að rekstraraðili, þ.e. Þóroddur ehf., verði gert að kosta umhverfsvöktun vegna æðarvarpsins á Sveinseyrarodda, þannig að sjá megi áhrifin sem fyrst ef þeirra fer að gæta.
- Verði vart við mengun umfram það sem gert er ráð fyrir má benda á að starfsleyfið hefur að geyma ákvæði (grein 1.7) sem gera ráð fyrir því að úr verði bætt verði úr mengun umfram forsendur eða jafnvel að það geti komið til endurskoðunar á starfsleyfi.
- Halldór Árnason, sem hefur verið sjómaður og skipstjóri á Patreksfirði frá 1971, sendi inn ábendingu um staðsetningu laxeldiskvía í Patreksfirði. Halldór telur að staðsetningarnar séu ofan í veiðisvæðum og hrygningarsvæðum þorsks. Halldór álitur að fiskeldið sé best staðsett á svæði sem hann tiltekur með hnitum í athugasemdinni og er frekar norðarlega í firðinum. Sjá má svæðið á myndinni hér að neðan:



- Halldór bendir á að þar sem fyrirhuguð er vöktun á svæðinu fyrir laxeldið þá opnast möguleiki á því að vakta einnig hrygningarsvæðið og fiskigengd, árið um kring.
 - Í svörum við þessum ábendingum sem rekstraraðili hefur sent til Umhverfisstofnunar lýsir hann áhuga á að kanna þetta mál og gera það að hluta af vöktun á umhverfi sem félagið muni standa fyrir. Einnig verði kannað hvort sérstakur þorskstofn hrygni í firðinum.
 - Rekstraraðili bendir á að stærð eldissvæða sé um 300-500 metrar á kant og að allar festingar og kvíar verði innan svæðanna. Ekki sé því hætt á að svigrúm til veiða sé verulega skert.
 - Rekstraraðili bendir einnig á þann möguleika að eldið kunnir að auka fiskigengd í firðinum og þetta var einnig nefnt í athugasemd Halldórs.
 - Umhverfisstofnun hefur ákveðið fyrir sitt leyti að fallast á ofangreindar skýringar og sjónarmið.



Auk framangreindra atriða gerði Umhverfisstofnun nokkrar aðrar breytingar á starfsleyfinu frá auglýstri tillögu og má þar nefna:

- Til samræmis við nýlega útgefin starfsleyfi var tilvísun breytt í lög og reglugerð um efni og efnablöndur.
- Breyting var gerð á leyfinu sem varðar umfjöllun um starfshætti og umhverfisstjórnunarkerfi en það var einnig gert til samræmis við nýlega útgefin starfsleyfi.
- Umhverfisstofnun óskaði eftir skýringu rekstraraðila á því hvernig svæði tB í tillögunni samræmdest deiliskipulagi
 - Af hálfu rekstraraðila var brugðist við með því lagt var til að svæðið yrði sett alfarið utan netalaga enda er svæðið ekki á deiliskipulagi.
- Nokkrar orðalagsbreytingar voru gerðar sem ætlað er að leiðrétta villur, skýra og afmarka betur kröfur í leyfinu.

